

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu í Reykjanesbæ.

Flugvellir.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 19. janúar 2021 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Flugvalla.

Breytingin felur í sér að skipulagsmörk stækka þannig að skiplagið nær yfir Flugvallarveg 50 og 52. Flugvallarvegur fellur út og lóðin Flugvallarvegur 50 verður Flugvellir 2a, stærð lóðar var 1.861 m² en verður nú 2.596 m² og með nýtingarhlutfallið 0,3. Flugvallarvegur 52 verður Flugvellir 1a. Stærð lóðar var 8.620 m² en verður nú 13.802 m² með nýtingarhlutfallið 0,2 samkvæmt uppdrætti Verkfræðistofu Suðurnesja frá september 2020.

Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast skipulagstillagan þegar gildi.

Reykjanesbæ, 15. apríl 2021.

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. maí 2021